

## Samvinna sveitarstjórnarmanna og þingmanna.

Undanfarin ár hafa þingmenn kjördæmisins fundað reglulega með kjörnum fulltrúum. Slíkt hefur að hluta til verið gagnlegt en fyrirkomulagið einnig gagnrýnt. Síðast þegar þingmenn óskuðu eftir slíkum fundi komu fram nokkuð margar óánægjuraddir með fyrirkomulagið og kölluðu margir sveitarstjórnarmenn eftir því að samtalið og samvinnan á milli sveitarstjórnarfulltrúa og þingmanna væri markvissari og ekki jafn einhliða og sveitarstjórnarmenn hafa upplifað hingað til. Sumir höfðu á orði að eðli fundanna væri aðeins að flytja þingmönnum munnlega skýrslu eða fréttir úr héraði, fremur en að um markvisst samráð væri að ræða.

Formaður stjórnar SSNE kom þeim sjónarmiðum á framfæri við þingmenn með ósk um að sveitarstjórnarmenn og þingmenn myndu sameiginlega gera tillögu að því hvernig þessir fundir og samvinna öll gæti verið markvissari og betri til framtíðar. Þingmennirnir svöruðu ekki þeirri beiðni með öðru en því að lýsa því yfir að þeir teldu fundina gagnlega og góða fyrir sig. Formaður ítrekaði að gott væri að finna leið til þess að sveitarstjórnarfólk teldi umrædda fundi jafn gagnlega og góða fyrir sig.

Ábendingar sem sveitarstjórnarmenn ræddu aðallega fólust í nokkrum megin atriðum:

- Í fyrsta lagi að iðulega væri boðað til fundanna með mjög skömmum fyrirvara. Betra væri ef fundartími gæti legið fyrir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Sveitarstjórnarfólk hefur í mörgu að snúast og þarf með mjög skömmum fyrirvara, jafnvel aðeins tveggja daga fyrirvara, að breyta öllum sínum plönnum. Sveitarstjórnarmenn hins vegar gera það í þeirri von að fundirnir skili árangri – og það líklega vita þingmenn.
- Þá töldu margir sveitarstjórnarmenn að gott væri ef rituð væri fundargerð og þar kæmi fram hvort, hvað og hvaða þingmaður ætlaði að gera eitthvað við þær upplýsingar eða áskoranir sem fram kæmu á fundunum – eða hvort svör fengjust við þeirra erindum einhvertímenn.
- Þá töldu margir að gagnlegt væri að öll sveitarfélögin funduðu sameiginlega með þingmönnum, og að hvert sveitarfélag gæti fundað með þingmönnum kjördæmisins. Töldu margir ráðlegt að ákveða strax að halda tvo samráðsfundi á ári, annan sameiginlegan og hinn með hverri sveitarstjórn fyrir sig.
- Þá hefur einnig verið nokkur umræða um hvort að þingmenn og sveitarstjórnarfólk gæti einnig átt í meiri og öflugri óformlegum samskiptum þegar það á við og skiptir hagsmuni svæðisins máli.

Því leggjum við fram svohljóðandi tillögu að áskorun aukapings til þingmanna kjördæmisins:

*„Aukaping SSNE skorar á þingmenn kjördæmisins að vinna í samstarfi við sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi eystra að bættu, skilvirkara, skipulagðara og öflugra samráði við sveitarstjórnarfólk á svæðinu. Aukaping SSNE leggur til að þrjú þingmenn kjördæmisins og þrjú fulltrúar SSNE vinni sameiginlega tillögu til úrbóta á skipulagi samstarfs kjörinna fulltrúa á Norðurlandi eystra.“*